

Fundur í Delta deild, þann 23. febrúar 2010. Fundurinn var haldinn í Bókasafni Akraness, Dalbraut 1 og hófst fundurinn kl 18.00

Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður tók á móti félagskonum, en fundurinn var haldinn á vinnustað hennar. Bókasafnið er í nýjum húsakynnum og voru þau skoðuð og sagði Halldóra frá starfsemi safnsins eða safnanna, því undir stjórn hennar eru þrjú söfn, bókasafn, skjalasafn og ljósmyndasafn. Fundarkonur voru einróma sammála að aðstaðan væri öll hin glæsilegasta.

Að því loknu setti formaðurinn Ingibjörg Adda fundinn og kveikti sjálf á kertunum.

Fluttar voru kveðjur frá fjarstöddum félögum.

Erindi dagsins flutti Sigurveig Sigurðardóttir en það fjallaði um nám hennar í Kynjafræði og Diplomanám í hagnýttri jafnréttisfræði. Sigurveig sagði það mikil forréttindi að fá námsleyfi og huga um stund að því sem henni er hugleikið. Skemmtilegt erindi þar sem ýmsu var velt fyrir sér varðandi stöðu og hlutverk karla og kvenna í þjóðfélaginu í dag. Konur eru vel menntaðar, hafa lagalegt jafnrétti á við karla og jafnréttisáætlanir eru við lýði. Samt eru konur með lakari laun og síður í stjórnunarstöðum fyrirtækja.

Þá tók til máls Ingibjörg Adda og vakti athygli á vefsíðu deildarinnar, en vinna við okkar síðu er hafin. Upplýst samþykki þarf að fá frá félagskonum svo hægt sé að setja upplýsingar um konur á vef samtakanna. Þessar upplýsingar eru lokaðar öðrum en félagskonum með aðgangsorði. Undirskriftarlista látinn ganga meðal félagskvenna.

Þann 17. apríl n.k. verður landsþing, ekki er enn ákveðið hvar þingið verður. Taka frá daginn.

Orð til umhugsunar flutti Helga Gunnarsdóttir. Hún sagði frá þátttöku í þjóðfundi í Borgarnesi s.l. laugardag. Heiðarleiki var settur í forgrunn á fundinum. Helga velti fyrir sér hvort við sem þjóð séum í raun heiðarleg.

Fundi lauk kl 20.00 og var þá haldið að veitingastaðum Galító og snæddur kvöldverður. Súpa og kjúklingasalat. Og happdrættið var á sínum stað, vinningshafi var Gyða Bergþórsdóttir.

Borðhaldi lauk um kl 20.40

Halldóra Jónsdóttir, fundarritari.